



Bréf líklega frá Bjarna Benediktssyni, viðtakenda ekki getið.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Bréf

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 9. desember 1940.

Kæri vinur.

Eg þakka þér og ykkur hjónunum fyrir skeyti á dögnum og kveðjur eftir öðrum leiðum. Vona og, að þér og fjölskyldu þinni líði vel.

Ástæðan til þess, að eg skrifa þér nú er hitaveitan. Þú veist að sjálfsögðu, að í alt sumar hafa staðið yfir tilraunir til að fá efni frá Kaupmannahöfn. Menn voru lengi mjög vongóðir um, að þer mættu takast, en svo hefir ekki orðið enn. Mér virðist, að Þjóðverjar hafi aldrei samþykkt, að efnið yrði sent, eftir að Englendingar hertóku Ísland, og er ég því ekki ýkjatrúaður á, að samþykki þeirra fáiast. Stjórnarvöld hér þau, sem með málið hafa haft að gera, Stefán Jóh. og Sveinn Björnsson, hafa þó aldrei viljað gefa upp alla vön, og nú síðustu dagana er verið með ráðagerðir um þetta, sem mér er sagt, að enski sendiherrann hafi trú á. Það er því enn engan veginn loku fyrir það skotið, að efnið fáiast frá Kaupmannahöfn, en það viljum við lang helst. M.a. vegna þess, að við er búð, að við bezum áhættuna af efninu, sem nú liggur í Kaupmannahöfn og mundi verða ill-nothæft, ef samningnum við Højgaard & Schultz yrði rift. Hina lagalegu hlið málsins erum við að láta próf. Ólaf Lárusson athuga. Telur hann málið vandasamt en mun vera langt kominn með responsum sitt.

Englendingar hafa stíð sótt á um, að við gefum þeim kost á að selja okkur efnið. Menn hér, og einkum verkfræðingar okkar, hafa haft mjög litla trú á, að Englendingar gætu afhent efnið og þó e.t.v. verið hræddastir við það af öllu, að Engl. lofuðu afhendingu en gætu svo ekki staðið við hana. Væri þá miklu verr farið en heima setið. Í síðustu viku var samt svo komið, að nauðsynlegt þótti að fá úr því skorið, hvers Bretar væru megnugir í þessum efninum. M.a. vegna þess, að ef staðreynt væri, að þeir gætu ekki boðið, þá yrðu þeir fúsari á að greiða fyrir öðrum leiðum. En enski konsúllinn og Mr. Harris kváðu vera mjög eindregnir í, að Bretar geti boðið í þetta. Niðurstaðan varð því sú, að ákveðið var að bjóða út í Englandi fyrir milligöngu enska sendiherrans. Átlunin er að reyna að fá einhverja tryggingu hjá ensku stjórninni fyrir, að alt efnið fáiast, ef Englendingar á annað borð bjóða í það. Miðast aths. í fylgiskjalinu "Remarks" osfrv. við það, og að öðru leyti eru þessir ensku skilmálar all harðir. Ef að því ráði yrði snúið að fá efnið frá Englandi yrðu Íslendingar sjálfir vafalaust að finnciera það af inneign sinni þar og þarinn þá að njóta aðstoðar banka og ríkisstjórnar hér.

Þú sérð, að í þessu eru allmörg óviss atriði. Kaupmanna-

hafnartilraununum ekki lokið. Ekki búið að gera upp með sér, hver beri hallann af, ef Kauph efni verður ónýtt eða fellur í verði. Alt er í óvissu með England.

Að svo vöxnu máli þykir okkur naumast tímabært að hefja tilraunir í Ameríku af fullu kappi, þó að sumir saki á um það. En um þetta viljum við m.a. njóta þinna ráða og sendum þér því nú specifikationir og almenna útboðsskilmála. Þeir eru hinir sömu og gagnvart Englandi nema við gerum ráð fyrir þinni milligöngu í stað breskra stjórnarvalda þar. Þá gerum við ráð fyrir, að ekki þýði, -né sé ástæða til - að leitast eftir því líkri tryggingu í Ameríku og um England er sett í "Remarks", sem ég sendi þér afrit af til glegggra yfirlits og athugunar.

Um financieringu í Ameríku stöndum við máklu ver að vígi en gegn Bretum. Höfum við m.a. talið, að við mundum því aðeins geta fengið pundum breytt í dollara til greiðslu þar, að ljóst væri, að efnið fengist ekki frá Englandi. En athugunarvert er, hvort lán með einhverjum hætti kynni að fást í þessu skyni í Ameríku, og mundi því höfuðverkefni þitt sennilega verða að athuga það. Spurningar^{er} hvort þú getur þegar í stað hafið rannsókn á því. Verkefningar telja hinsvegar, að eigi muni verða vandkvæði á að fá sjálft efnið, ef það verður greitt út í hönd. Vafaatriði í því efni sé einungis verð og greiðsluskilmálar.

Atlun okkar er að síma til þín, ef við viljum láta bjóða út. En ég vil skýrt taka fram, að ég vil leita ráða þinna sjálfs. um, hvort þú e.t.v. telur tímabært að bjóða út strax, þótt allar þessar efasemdir séu í málinu, og bið ég þig að síma mér um það. Allan kostnað af þessu, m.a. fyrir sérfræðilega aðstoð o.p.h. mun bærinn að sjálfsögðu borga, að svo miklu leyti, sem þú getur ekki sett hann á ríkið.

Ég skil, að þér þyki öll þessi málaleitun nokkuð losaraleg, en málið er alt í svo mikilli óvissu, að ekki er hægt að vera alveg öruggur um neina ákveðna leið. Hinsvegar veit ég, að þú munir allan vanda okkar vilja leysa og við getum því talað við þig um málið alveg eins og það liggur fyrir. Bið ég þig svo að fyrirgefa þetta nauð og gera það í málinu, sem þú telur heppilegast.

Eg veit, að þú heyrir annarsstaðar frá um þá breytingu, sem hér er á orðin, og horfur í þeim efnum. Fer ég því ekki út í þá sálma.

Vil ég svo að lokum endurtaka óskir mínar um velgengni til handa þér og fjölskyldu þinni. Óska gleðilegra jóla og nýárs með bestu þökkum fyrir hin liðnu.

Með bestu kveðjum

þinn einlægur vinur,